

Fundur stjórnar foreldrafélags Setbergsskóla 2.október 2012

**Mættir:**

Pálmar  
Dagný  
Sif  
Aðalbjörg  
Jóna  
Íris  
Anna Margrét

**Aðalfundur:**

Farið yfir fundarefni fyrir aðalfundinn sem haldinn verður 10.okt.

Sendum út áminningar póst um aðalfundinn mánudaginn 8.okt – Sif sér um að það verði gert.

Jóna kaupir konfekt og gos fyrir fundinn.

þarf að auglýsa eftir fulltrúa í skólaráð. þarf að semja auglýsingu og senda út. – Pálmar semur auglýsingu og kemur á Sif sem sendir út.

**Önnur mál:**

Spurning um að vera með kvöld þar sem boðið er uppá PMT fræðslu og fyrirlestur frá Geira.

Fá bekkjarfulltrúana til að hjálpa okkur við að fá fólk til að mæta

Spurning um að fá krakkana til að vera með einhver atriði

Fyrst kynning á PMT, svo skemmtiatriði og svo Geir – þá geta þeir sem vilja bara hlusta á PMT farið heim fyrir seinni helminginn og þeir sem vilja ekki hlusta á PMT kynningu geta mætt sérstaklega í þann hluta.

Pálmar heyrir í Geira með það hvort að það sé í lagi að hafa þetta í janúar.

Ræðum þessa hugmynd á foreldrafulltrúakvöldi.

Foreldrafulltrúakvöld. - ákveðið að hafa svona kvöld - væntanlega 29.okt. Pálmar setur upp hugmyndir að dagskrá sem hann sendir á aðra í stjórninni til að fá athugasemdir og hugmyndir.. – Munum eftir að ræða á þessum fundi hugmyndir um fræðslu og skemmtikvöld.

